

fébótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Þorvaldi Brynjólfssyni járnsmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Jóhanns Ingibergssonar.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 93/1961. **Ákærvaldið** (Gísli G. Ísleifsson hdl.)
 gegn
Jóni Óskari Jónssyni
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theo-
 dór B. Línal.

Bifreiðar. Ákæra um brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Atburðir þeir, sem mál þetta er af risið, gerðust 22. júlí 1959. Lögreglumenn, er þá fjölluðu um mál ákærða, létu undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn áfengismagns í blóði hans, sbr. 54. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, 25. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þá virðist athugun lögreglu-

mannanna á ákærða eigi hafa verið svo nákvæm sem skyldi, og eigi voru þeir kvaddir vættis um sakarefni fyrr en hinn 17. nóvember 1960. Eigi er fram komið, að lögreglumennirnir hafi gert ákærða ljóst, að hann væri borinn þeim sökum, sem um var að tefla, og engin skýrsla var af honum tekin, fyrr en hann kom fyrir sakadóm hinn 19. janúar 1960. Skýrslur vitna, sem fram hafa komið í málinu og raktar eru í héraðsdómi, eru ósamhljóða um það, hvort ákærði hafi verið með áhrifum áfengis á þeim tíma, er hér skiptir máli, en því hefur hann staðfastlega neitað.

Þegar virt er það, sem nú var rakið, verður ekki talið sannað, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðar sinnar, en honum urðu mistök um stjórn hennar, svo sem í héraðsdómi greinir. Ákærða verður því dæmd sýkna af ákæru um brot gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og þeim ákvæðum áfengislaga nr. 58/1954, er í ákæru getur, en 500 króna sekt til ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum og 2. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála er rétt, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 1500.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Jónsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, og laun sækjanda og

verjanda fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar héraðs-dómslögmanns og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlög-manns, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 16. febrúar 1961.

Ár 1961, fimmtudaginn 16. febrúar, var í sakadómi Keflavík-ur, sem haldinn var af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Jóni Óskari Jónssyni, en mál þetta var dómtekið nú í dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í Dómsmálaráðu-neytinu hinn 7. marz 1960, er Jón Óskar Jónsson bifreiðar-stjóri, Hafnargötu 78, Keflavík, ákærður fyrir að hafa um kl. 2130 miðvikudaginn 22. júlí 1959 undir áhrifum áfengis ekið bifreið-inni Ö 101 frá bifreiðastæði við Sérleyfisbílastöð Keflavíkur og að Hafnargötu 78 svo og fyrir að hafa ekki sýnt næga aðgæzlu, er hann ók af stað á nefndu bílastæði, en þar ók hann utan í bifreiðina G 1502. Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 17. apríl 1915 að Ytri-Tungu í Staðarsveit, og hefur hann svo kunnugt sé, sætt kærnum og refsingum, svo sem hér segir:
Í Keflavík:

1950 10/8 Dómur: 18.500 kr. sekt fyrir dragnótaveiðar í land-helgi.

1958 12/9 Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

Málavextir eru í höfuðdráttum þessir:

Klukkan 2210 miðvikudaginn 22. júlí 1959 tilkynnti Árni Ei-ríksson, Grindavík, lögreglumönnum hér, að búið væri að aka á bifreið hans, G 1502, þar sem hún stóð á bifreiðastæði Sér-leyfisbifreiða Keflavíkur, og grunaði hann, að bifreiðinni Ö 101 hefði verið bakkað á bifreið sína. Hefði þetta skeð á tímanum 2115 til 2150. Tveir lögreglumenn fóru á staðinn. Þar fundu þeir meðal annars glerbrot, sem síðar kom greinilega í ljós, að var

úr afturljósi bifreiðarinnar Ö 101. Þá bifreið fundu þeir fyrir utan húsið nr. 78 við Hafnargötu. Klukkan 2245 höfðu lögreglumenn tal af Jóni Óskari Jónssyni, ákærða í máli þessu. Var hann vakinn upp. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni Ö 101 frá sérleyfisstöðinni og heim, en kvaðst ekki vita til að hafa ekið utan í neinn bíl. Lögreglumenn töldu ákærða sýnilega ölvaðan, var hann þvöglumæltur og daufeygður, en ekki fóru þeir með hann til blóðtöku.

Ákærði hefur neitað því fyrir rétti að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn umrætt kvöld. Hann kveðst ekki hafa smakkað áfengi þenna dag. Hins vegar kveðst hann hafa verið syfjaður, enda hafi hann sofið frekar lítið nóttina áður. Hann kveðst hins vegar minnast þess að hafa leyft Árna Eiríkssyni að leggja bifreið sinni á bifreiðastæðið, en þegar hann hafi ætlað heim um kl. 9½ um kvöldið, þá hafi hann séð, að Árni hafi lagt bifreiðinni svo illa fyrir Ö 101, að hann hafi átt í erfiðleikum með að komast af bifreiðastæðinu. Varð hann að taka margsinnis aftur á bak og áfram á víxl til þess að losna. Kveðst hann sennilega hafa komið eitthvað við bifreið Árna í þessum þrengslum, þó hann hafi eigi orðið þeirrar ákomu var. Ákærði kveðst svo fljótlega hafa farið í rúmið, er heim kom.

Lögreglumennirnir Hafsteinn Magnússon og Björn Jóhannsson fóru á staðinn, er tilkynnt hafði verið um, að ekið hefði verið utan í bifreiðina G 1502. Þeir fundu þar rauð glerbrot. Þar eð tilkynnanda grunaði, að það hefði verið bifreiðin Ö 101, sem ók á G 1502, þá fóru þeir lögreglumennirnir að Hafnargötu 78 og fundu þar bifreiðina Ö 101, og kom þá greinilega í ljós, að rauðu glerbrotin voru af afturljósi vinstra megin á Ö 101, og einnig sáu þeir nýja smárispu á afturstuðaranum.

Vitnið Hafsteinn Magnússon lögreglumaður segir, að þeir lögreglumenn hafi haft tal af ákærða. Í lögregluskýrslu sinni kveður vitnið ákærða hafa sagzt hafa ekið Ö 101 frá sérleyfisbílástöðinni og að Hafnargötu 78, en ekki kvaðst hann vita til að hafa ekið á neinn bíl. Vitnið segir, að klukkan hafi verið orðin 2245, er þeir lögreglumenn hittu ákærða, en þá hafi hann sýnilega verið ölvaður, þvöglumæltur og daufeygður. Vitnið segir, að tilkynnandi árekstursins hafi sagt þeim, að ákærði hafi verið mjög ölvaður um kl. 2115. Er vitnið kom fyrir rétt og staðfesti skýrslu sína, sagði það, að í fyrstu hefði ákærði neitað því að hafa ekið og sagt, að Júlíus Kristinsson hefði gert það, en þetta hafi hann svo tekið aftur og játað að hafa ekið sjálfur, en vegna

ölvunar ákærða hafi þeir lögreglumennirnir samt farið og ætlað að hafa upp á Júlíusi, en hann hafi þá fyrr þenna sama dag farið norður í land. Fyrir réttinum staðfesti vitnið, að það sé þess fullvíst, að ákærði hafi verið ölvaður í umrætt skipti. Og vitnið segir, að einmitt þess vegna, að þeir báðir lögreglumennirnir voru vitni að ölvun ákærða svo og einnig tilkynnandi árekstursins og Jóhanna Júlíusdóttir, en bæði þessi vitni höfðu lögreglumennirnir talað við, áður en þeir fundu ákærða, þá hafi þeir eigi talið ástæðu til þess að færa ákærða til blóðtöku.

Vitnið Björn Jóhannsson lögreglumaður var með Hafsteini Magnússyni, er þeir lögreglumennirnir höfðu tal af ákærða. Segir vitnið, að ákærði hafi greinilega verið mjög drukkinn. Hafi hann bæði verið rauður og þrútin í andliti, allur mjög slappur, þvöglumæltur og drafandi. Vitnið segir, að ákærði hafi sagt þeim, að Júlíus Kristinsson hafi ekið bifreiðinni Ö 101, en það kveðst hins vegar ekki beinlínis minnast þess, að ákærði hafi tekið þau ummæli aftur og játað að hafa ekið sjálfur, en vitnið kveðst hins vegar hafa séð lögregluskýrslu þá, sem Hafsteinn Magnússon gerði um málið, strax og hún var gerð, og kveðst vitnið þá ekkert hafa haft að athuga við hana. Vitnið segir, að þeir lögreglumennirnir hafi eigi talið nauðsynlegt að rífa ákærða upp úr rúminu til blóðtöku, þar sem þeir voru báðir búnir að sjá, að hann var ölvaður, svo og tvö önnur vitni.

Vitnið Árni Eiríksson bifreiðarstjóri kveðst um kl. 2115 umræddan dag hafa fengið leyfi ákærða til þess að leggja bifreið sinni G 1502 á bifreiðastæði Sérleyfisbifreiða Keflavíkur. Vitnið brá sér síðan frá, en kom aftur um kl. 2200, sá það þá, að ekið hafði verið á bifreið þess. Afgreiðslustúlka fólksbílastöðvar þar hjá hafði síðan tjáð vitninu, að ákærði hefði ekið á bifreiðina, og tilkynnti vitnið lögreglunni örskömmu síðar um áreksturinn. Vitnið segir, að ákærði hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis, er vitnið hefði haft tal af honum um kl. 2115 umrætt kvöld. Kveðst vitnið þekkja ákærða mæta vel, sjá hann nær daglega, og kveðst því alveg öruggt um, að ákærði hafi verið ölvaður.

Vitnið Jóhanna Júlíusdóttir var umrætt kvöld við afgreiðslustörf í útibúi Aðalstöðvarinnar að Hafnargötu 13, en það er beint andspænis bifreiðastæði sérleyfisbifreiðanna. Vitnið segir, að kl. 2135 hafi það séð ákærða koma út úr húsi sérleyfisbifreiðanna, hafi hann setzt upp í bifreiðina Ö 101. Hafi hann síðan ekið bifreiðinni aftur á bak og lent þá með afturenda bifreiðarinnar á bifreiðinni G 1502. Þá hafi ákærði ekið áfram, en lent þá á

trékefli undan rafmagnsvír. Enn hafi hann bakkað, en því næst ekið áfram suður Hafnargötu. Vitnið segir, að ákærði hafi eigi farið út úr bifreiðinni til að aðgæta, hvort tjón hefði hlotizt af árekstrinum. Vitnið segir, að ákærði hafi, er hann gekk að bifreiðinni, reikað áberandi í spori og hafi vitninu fundizt á göngulagi hans, að hann mundi vera ölvaður. Vitnið segir einnig, að ákærði hafi fyrr um daginn komið inn á bifreiðastöðina til vitnisins og fengið leigubíl, hafi klukkuna þá vantað 10 mínútur í 5 síðdegis. Segir vitnið, að ákærði hafi verið ölvaður þá. Bæði hafi framkoma hans þá verið slík, að það leyndi sér ekki, að hann var ölvaður, og einnig kveðst vitnið hafa séð, að hann reikaði í spori. Vitnið kveðst þekkja ákærða vel, því hann komi þarna á stöðina nær því á hverjum degi.

Vitnið Einar Einarsson leigubílstjóri kveðst hafa ekið ákærða umræddan dag. Vitnið minnti í fyrstu, að það hefði verið á tím-anum milli kl. 1300 og 1530, en það leiðrétti síðar þann fram-burð sinn og kvað það hafa verið, er klukkuna vantaði 10 mín-útur í 5 s.d. Vitnið segir, að í umrætt skipti hafi því virzt ákærði vera ölvaður. Við lögreglurannsóknina segir vitnið ákærða hafa verið sjáanlega undir áfengisáhrifum, en þó ekki mjög. Vitnið kveður ölvunareinkenni þau, að sterka áfengislykt hafi lagt úr vitum ákærða, og eins hafi vitninu virzt hann reika í spori, er hann gekk að leigubifreiðinni. Vitnið segir, að ákærði hafi setið í framsætinu hjá vitninu og lítið sagt við vitnið annað en hvert hann óskaði að aka. Ekki kveðst vitnið hafa séð ákærða hreyfa vín né vera með slíkt og ekki hafi hann heldur minnzt á slíkt við sig. Vitnið segir, að ákærði hafi beðið sig að aka að Aðal-stöðinni, Hafnargötu 86, síðan að útibúinu, Hafnargötu 55. Ekki kveður vitnið sér hafa sýnzt hann eiga neitt erindi á þessa staði. Hann hafi á hvorugum staðnum farið út úr bílnum. Síðan hafi hann beðið um að aka sér að Hafnargötu 82. Þar hafi hann séð mann á götunni, sem vitnið þekkti ekki. Bað ákærði þá vitnið að stoppa, greiddi þar bílinn og gaf sig á tal við mann þenna.

Vitnið Guðmundur Kristmann Guðmundsson, bifreiðastjóri hjá Sérleyfisbifreiðum Keflavíkur, kveðst hafa komið með áætlunar-bifreiðinni, sem kom til Keflavíkur laust eftir kl. 2000 frá Reykja-vík. Kveðst vitnið hafa stoppað lítið á stöðinni, en farið til Sand-gerðis. Vitnið kveðst hafa séð ákærða í afgreiðslusal stöðvar-innar, er það kom frá Reykjavík, en ekki veitt honum neinar sérstakar gætur, enda hafi það stanzað aðeins örskamma stund. Vitnið kveðst því eigi geta sagt um það, hvort ákærði hafi verið

undir áhrifum áfengis, en það segir hins vegar, að það minnst þess ekki, að neitt sérstakt væri eða óeðlilegt í fari ákærða eða fasi.

Vitnið Sigurður Gíslason bifreiðaviðgerðarmaður, starfsmaður á verkstæði sérleyfisbifreiðanna, kveðst af og til hafa komið í afgreiðslu félagsins umrætt kvöld. Ekki kveðst vitnið þó hafa verið þar, er Árni Eiríksson kom þar, né heldur er ákærði ók frá stöðinni. Vitnið kveðst af og til hafa séð ákærða þenna dag, hafi hann komið í bifreiðaverkstæðið. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að ákærði væri þá með áfengi eða hefði það um hönd, og ekki kveðst það hafa orðið vart áfengisáhrifa á honum. Seinni part dagsins eða fyrripart kvöldsins kveðst vitnið hafa komið í afgreiðsluna og séð ákærða þar og rætt við hann, og kveðst það ekki hafa orðið vart áfengisáhrifa á honum. Vitnið segir, að nóttina áður hafi þeir ákærði og vitnið verið að vinna á bifreiðaverkstæðinu nokkuð fram eftir, eða fram til klukkan um 4 um nóttina. Ekkert vín hafi þá verið haft um hönd.

Að ósk skipaðs verjanda ákærða voru leidd fyrir dóminn sem vitni Maríus Guðmundur Guðlaugur Sigurjónsson og Steinunn Þorsteinsdóttir.

Vitnið Maríus Guðmundur Guðlaugur Sigurjónsson, bifreiðastjóri hjá Sérleyfisbifreiðum Keflavíkur, kveðst hafa komið á afgreiðsluna um 20 mínútum fyrir níu umrætt kvöld og hafa svo farið með áætlunarbílinn til Reykjavíkur 15 mínútur yfir níu. Vitnið segir, að ákærði hafi komið inn í kaffistofu þeirra bílstjóranna, skömmu eftir að það kom þar, og segist vitnið vera þess fullvíst, að ákærði hafi eigi verið undir áhrifum áfengis þá. Vitnið kveðst þekkja ákærða vel og það leynist því illa, ef hann er með áhrifum áfengis.

Vitnið Steinunn Þorsteinsdóttir, afgreiðslustúlka hjá sérleyfisbifreiðunum, segist hafa umrætt kvöld farið í bíó klukkan níu, og hafi það því beðið ákærða að standa fyrir sig og ganga frá stöðinni og loka, þegar áætlunarbíllinn til Reykjavíkur, sem fer kl. 0915 e. h., væri farinn. Ákærði hafi gert þetta. Ekki kveðst vitnið minnst þess, að neitt óeðlilegt væri í fari ákærða, og vitnið kveðst öruggt um það, að það hefði aldrei beðið hann að vinna fyrir sig, ef það hefði séð, að hann var undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa unnið í sex ár samtímis ákærða hjá sérleyfisbifreiðunum.

Telja verður, að vætti lögreglumannanna beri einkum að leggja til grundvallar í máli þessu. Þeir hafa tal af ákærða, um einni

og hálfri klukkustund eftir að hann ekur, og ákærði aldrei haldið því fram, að hafa neytt áfengis á þeim millitíma. Lögreglumennirnir athuga einmitt sérstaklega útlit og fas ákærða með það fyrir augum, hvort hann sé ölvaður eða ekki, og það er samhljóða vætti þeirra beggja, að ákærði hafi örugglega verið ölvaður í þetta skipti, og gefur lögreglan skýrslu þar um strax. Tvö vitni, sem lögreglan hafði strax tal af, Árni Eiríksson, sem talaði við ákærða ca kortéri áður en ákærði ók, og Jóhanna Júlíusdóttir, sem sá ákærða ganga að bílnum og aka af stað, staðfesta og þenna framburð lögreglumannanna. Það verður hins vegar eigi unnt að leggja eins mikið upp úr því, að samstarfsmenn ákærða, sem vitni hafa borið, hafi eigi séð vín á honum. Vitnið Guðmundur Kristmann veitti honum t. d. ekki neinar sérstakar gætur. Ekki er vitað, hvenær vitnið Sigurður Gíslason sá ákærða síðast, en það þó sennilega verið nokkru áður en ákærði ók. Vitnið Steinunn Þorsteinsdóttir hefur og tal af ákærða, minnsta kosti hálf tíma til þremur korterum áður en hann ók, og er því hugsanlegt, að ákærði hafi neytt áfengis á þessum tíma. Þá er og með síðastnefnt vitni svo og vitnið Maríus Guðmund Guðlaug Sigurjónsson, að langt liður, frá því atvikið skeður og þar til þau bera um það.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir þrátt fyrir neitun ákærða sannað, að hann hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni Ö 101 frá bifreiðastæðinu við Sérleyfisbílastöð Keflavíkur og að Hafnargötu 78 og verið þá með áhrifum áfengis og, er hann ók af nefndu bifreiðastæði, ekið utan í bifreiðina G 1502, og hefur ákærði með framanrituðu atferli gerzt brotlegur við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, eins og í ákæruskjali greinir, og þykir refsing hans samkvæmt nefndum lagaákvæðum hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1500.00 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 20/1959. **Eyjólfur Þórarinnsson** (Ragnar Jónsson hrl.)
 gegn
Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka
 (Eyjólfur K. Jónsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theo-
 dór B. Lindal.

Félagsréttindi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 181.791.39, til vara lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eyjólfur Þórarinnsson, greiði stefnda, Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.